



2258. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn laugardaginn 28. ágúst 2021 og hófst kl. 12:00. Fundurinn var haldinn með fjarfundarbúnaði.

Mættir: Guðni Bergsson formaður, Gísli Gíslason varaformaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Ásgeir Ásgeirsson, Ingi Sigurðsson, Orri Hlökkversson, Ragnhildur Skúladóttir, Valgeir Sigurðsson og Þorsteinn Gunnarsson.

Fjarverandi: Magnús Gylfason aðalmaður í stjórn.

Mættir varamenn: Guðjón Bjarni Hálfánarson.

Mættir fulltrúar landshluta: Jakob Skúlason (VL), Björn Friðþjófsson (NL) og Tómas Þóroddsson (SL).

Mættur framkvæmdastjóri: Klara Bjartmarz sem ritaði fundargerð.

Þetta var gert:

- 1 Formaður boðaði til fundar til að ræða þau málefni sem upp voru komin hjá knattspyrnusambandinu (m.a. málefni landsliðsins, umfjallanir um KSÍ í fjölmiðlum, viðtal formanns í Kastljósi og erindi sem bárust til stjórnar í kjölfar þess) og hver væru næstu skref til að bregðast við þeirri stöðu sem upp var komin.
- 2 Þá strax óskuðu meðlimir stjórnar eftir því að viðbrögð KSÍ yrðu þau að setja umrætt mál án tafar í faglegan farveg.

Stjórnin fór ítarlega yfir málin en gerð voru hlé á stjórnarfundinum, hið fyrra frá 15:00-15:40 og hið seinna frá 16:00-18:00.

Kl. 19:00 var fundi frestað til sunnudagsins 29. ágúst.
Klara Bjartmarz.